

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1945.

Nr. 72/1943. Þorleifur Jón Björnsson

gegn

Sigurgeiri Guðbjarnasyni.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorleifur Jón Björnsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Með hliðsjón af því, að mál þetta hefur verið tekið 8 sinnum fyrir í hæstarétti og undirbúið af hálfu stefnda til munnlegs málflutnings, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda, sem krafizt hefur ómaksbóta, 500 krónur í ómaksbætur að viðlögðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1945.

Nr. 73/1944. Réttvísing og valdstjórnin

(cand. jur. Tómas Jónsson).

gegn

Guðna Hirti Guðnasyni, Guðna Einarssyni  
og Halldóri Elíasi Halldórssyni.

(Gunnar J. Möller).

Manndráp og líkamsáverkar af gáleysi.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigfús Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Með því að telja verður, að tunnur þær, er hinir ákærðu Guðni Hjörtur og Halldór Elías fundu á reki í hafi úti, hafi verið eigandalausar, verður að sýkna þá af ákæru eftir 26. kafla almennra hegningarlaga. Eigi verður heldur talið, að ákvæði tolllaga taki til áðurnefndra hluta, er skipverjarnir 3 á v/b Stakksárfossi fluttu í land og í máli þessu greinir. Verður því að sýkna hina ákærðu Guðna Hjört og Halldór Elías af kæru fyrir brot á ákvæðum tolllaga. Verður ákærði Halldór Elías Halldórsson því með öllu dæmdur sýkn í máli þessu. Brot ákærða Guðna Hjartar Guðnasonar varða við 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga og brot ákærða Guðna Einarssonar við sömu greinar og að auki við 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Þykir refsing Guðna Hjartar Guðnasonar hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi og refsing Guðna Einarssonar 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt úrslitum málsins verður að dæma hina ákærðu Guðna Hjört og Guðna Einarsson til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 750.00, og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Halldór Elías Halldórsson á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Ákærði Guðni Hjörtur Guðnason sæti 12 mánaða og ákærði Guðni Einarsson 6 mánaða fangelsi.

Hinir ákærðu Guðni Hjörtur Guðnason og Guðni Einarsson greiði in solidum allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, Friðþjófs Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 750.00, og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Tómasar Jónssonar borgarritara og Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 3. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. jan. s. l., er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Hirti Guðnasyni, sjómanni, Ásgarði, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga og lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 31. desember 1937, sbr. reglugerð nr. 123 frá 1938, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og gegn Guðna Einarssyni, verkamanni, Brekastíg 4, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 1937, sbr. reglugerð nr. 123 1938, og áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og gegn Halldóri Elíasi Halldórssyni, sjómanni, Helgafellsbraut 23, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga og lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 1937, sbr. reglugerð nr. 123 1938, einnig til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærður Guðni Hjörtur Guðnason er fæddur 7. júlí 1922 að Barðsnesi við Norðfjörð og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt brot.

Ákærður Guðni Einarsson er fæddur 26. apríl 1915 að Galtarholti á Rangárvöllum og hefur ekki sætt, svo kunnugt sé, ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Ákærður Halldór Elías Halldórsson er fæddur 23. júlí 1902 á Stokkseyri og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirgreindum kærnum og refsingum.

Með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 22. nóv. 1929, var ákærður sýknaður af kærnu valdstjórnarinnar fyrir brot á lögum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra frá 19. júní 1922. En með hæstaréttardómi, uppkv. 14. marz 1930, var undirréttardóminum breytt og kærður dæmdur í 200 kr. sekt fyrir brot gegn 3. grein nefndra laga.

Hinn 23. febr. 1937 undirgekkst kærður í lögreglurétti Vestmannaeyja að greiða kr. 25 í sekt fyrir brot á fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

Öðrum kærnum og refsingunum hefur hann ekki sætt, svo kunnugt sé.

Dagana 6.—8. ágúst s. l. fóru fram í Vestmannaeyjum hátíðahöld, sem haldin eru þar árlega og nefnd eru Þjóðhátíð Vestmannaeyja. Daginn eftir, þann 9. ágúst, og næstu daga komu fyrir viðtæk og alvarleg veikindatilfelli, sem samkvæmt samhljóða áliti lækna á staðnum stöfuðu af metanolneyzlu. Veiktust 20 menn alvarlega. Af þeim dóu níu, en hinir komust að mestu til fullrar heilsu aftur að einum undanskildum. Byrjaði þetta þannig:

Um hádegisdag á mánudag var læknis vitjað til Guðmundar Páls-

sonar frá Eyrarbakka, sem dvalizt hafði í Vestmannaeyjum, meðan þjóðhátíðin stóð yfir. Við lækniSSkoðun reyndist Guðmundur hafa glögg einkenni metanoleitrunar. Guðmundur var þá fluttur á spítala, og lá hann þar um skeið, en náði sér síðan að mestu.

Upp úr hádegi sama dag andaðist Daniel Loftsson á heimili sínu, Kirkjuveg 9 í Vestmannaeyjum. Stóð citronflaska með bláleitum vökva hjá rúmi hans, og reyndist metanolblanda á flöskunni við rannsókn, er síðar fór fram. Klukkan um 3 e. h. sama dag fannst Þorlákur Sverrisson kaupmaður dáinn í búð sinni, Söluturninum. Hafði Þorlákur verið við vin dagana áður, og vakti það athygli á mánudag, að búð hans var lokuð. Var búðin þá brotin upp, og var þá Þorlákur dáinn og stirðnaður á loftinu í búðinni. Hjá honum stóðu tvær citrónflöskur með slatta af vökva í. Við rannsókn reyndist metanolblanda vera á báðum flöskunum. Samkvæmt áliti lækna var metanoleitrun dánarorsök beggja þessara manna, þeirra Daniels og Þorláks.

Sama dag um eftirmiðdaginn voru þeir Guðmundur Guðmundsson stýrimaður, Eyri, og Jón Gestsson slippstjóri, Heimagötu 26, fluttir á sjúkrahús, báðir veikir vegna metanoleitrunar. Guðmundur andaðist um kvöldið um 8 leytið, en Jón lézt kl. 1 um nóttina.

Sama dag var Ingvi Sveinbjörnsson frá Akureyri fluttur á sjúkrahús, einnig veikur vegna metanoleitrunar. Hafði hann dvalizt í Vestmannaeyjum meðan þjóðhátíðin stóð yfir. Um kvöldið taldi hann sig alheilbrigðan og fór af spítalanum til frændfólks síns, sem býr í næsta húsi við sjúkrahúsið. Um nóttina versnaði honum aftur, og andaðist hann um morguninn eftir, þ. 10. ágúst, kl. 9 f. h.

Aðfaranótt þess 10. ágúst var lækniS vitjað til Sveinjóns Ingvarssonar húsvarðar, Hringbraut 146, Reykjavík. Hafði hann komið til Vestmannaeyja dagana fyrir þjóðhátíðina og bjó hjá mági sínum, Jónasi Sigurðssyni, Hlaðbæ. Er lækniSinn kom, var Sveinjón með glögg einkenni metanoleitrunar, og var von bráðar fluttur á sjúkrahús. Þar andaðist hann um hádegið sama dag.

Um líkt leyti andaðist Þórarinn Bernótusson í Hvammi. Hafði lækniS verið vitjað til hans kvöldið áður, og var hann þá með einkenni metanoleitrunar. Um nóttina snögg-versnaði honum, og andaðist hann rétt upp úr hádegi þann 10. ágúst.

Skömmu eftir hádegi sama dag andaðist frá Árný Guðjónsdóttir á Sandfelli. Kvöldið áður var hún orðin veik vegna metanoleitrunar, og var flutt á sjúkrahús morguninn eftir og andaðist þar eftir fáa tíma.

Aðfaranótt þess 10. ágúst undir morguninn var lækniS vitjað til Ólafs Daviðssonar formanns, Minnanúpi. Þá var hann veikur með glögg einkenni metanoleitrunar. Daginn eftir var hann fluttur á sjúkrahús, og andaðist hann þar um lágnættið, aðfaranótt þess 11. ágústs.

Auk þeirra, sem nú hafa verið greindir, veiktust eftirfarandi menn af metanoleitrun:

Guðjón Jónsson, Hlíðardal,  
 Jón Ingvi Jónsson, Sætúni,  
 Óskar Jónsson frá Múlakoti,  
 Haukur Johnsen, Görðum,  
 Jónas Sigurðsson, Hlaðbæ,  
 Anton Guðjónsson, Vestmannabraut 71,  
 Guðni Einarsson, Brekastíg 4,  
 Hjörtur Guðnason, Ásgarði,  
 Gústaf Adolf Runólfsson, Birtingaholti,  
 Andrés Gestsson, Brekastíg 15 c,  
 Guðmundur Pálsson, sem fyrr getur.

Allir þessir menn náðu sér aftur eftir nokkurn tíma án alvarlegra meina, nema Andrés Gestsson, hann missti sjón á báðum augum að mestu eða öllu leyti.

Smá einkenna metanoleitrunar varð vart hjá ýmsum öðrum, án þess að um nein veruleg veikindi væri að ræða.

Strax og veikindanna varð fyrst vart, komst málið í hendur lögreglunnar. Varð unnt að hafa tal af Guðmundi Pálssyni á mánudag, og kvaðst hann hafa neytt vins, er ákærður Guðni Einarsson hefði útvegað honum. Gerði Guðmundur ráð fyrir, að þetta hefði verið tréspíritus. Guðni Einarsson var þá kallaður fyrir, og gaf hann það upp, að hann hefði keypt vinið hjá ákærðum Guðna Hirti Guðnasyni. Er Hjörtur var síðar kallaður fyrir, skýrði hann svo frá, að hann og ákærður Halldór Elias Halldórsson og Ólafur Daviðsson á Minnanúpi hefðu undir höndum vín, er þeir höfðu fundið í tunnu úti á sjó þá fyrir nokkru. Var þegar hafizt handa á mánudag og vinið tekið úr vörzlum þeirra. Skiluðu þeir af sér eftirfarandi magni:

Halldór Elias Halldórsson . . . . .	52½ litra
Guðni Hjörtur Guðnason . . . . .	26 litrum
Ólafur Daviðsson . . . . .	17¼ —

Síðar var skilað frá Ólafi 6 litrum, eða alls frá honum 23¼ litrum.

Við efnagreiningu, er síðar var látin fara fram, reyndist vín þetta eingöngu óblandað tekniskt metanol eða tréspíritus (metylalkohol). Um nánari atvik að fundinum og um meðferð þeirra á honum hefur eftirfarandi upplýst við rannsókn málsins.

## I.

Hinn 21. júlí s. l., eða öllu heldur 24. júlí, fór m/b Stakksárfoss V.E. 245 í róður frá Vestmannaeyjum. Formaður var Ólafur Daviðsson á Minnanúpi, en hásetar á bátnum voru þeir ákærðu, Guðni Hjörtur Guðnason og Halldór E. Halldórsson. Þeir réru vestur fyrir Eyjar. Um 1½ til 2 sjómilur fyrir vestan Þridranga fundu þeir

tunnu á reki, og tóku þeir tunnuna upp í bátinn. Þeir opnuðu hana og fundu, að vínlykt var af innihaldinu. Ekki neyttu þeir þó neins af innihaldinu þá þegar, enda gerðu þeir ráð fyrir, að varhuga-vert væri að nota það til drykkjar. Ákváðu þeir þegar að fara með tunnuna í land og bundu fastmælum að fara dult með hana og láta rannsaka innihaldið í kyrrþey. Tunnan var úr járnri og var mikið beygluð og ryðguð, og loddu svokallaðir „helsingjar“ víða utan á henni. Þeir fóru með tunnuna í land og komu henni fyrir í kjallaranum á Geirseyri, en formaðurinn hafði þá nokkru áður fengið lykil að kjallaranum. Fundinn tilkynntu þeir ekki, hvorki lögreglu- né tollyfirvöldunum á staðnum. Í sama róðri fundu þeir einnig smuroliutunnu og höfðu í land með sér. Ekki tilkynntu þeir þá tunnu heldur, en hins vegar virðist ekki hafa verið ætluð þeirra að fara með hana með neinni sérstakri launung.

Skömmu eftir að þeir höfðu fundið vintunnuna, tóku þeir sýnishorn af innihaldinu á citrónflösku, og fór ákærður Halldór Elías Halldórsson með flöskuna upp í Apotek og beiddi Jóhannes Sigfússon lyfsala að rannsaka það. Jóhannes var í önnum, er Halldór kom, og beiddi hann að koma síðar. Halldór skildi flöskuna eftir, en kom svo aftur eftir einn eða tvo daga. Jóhannes hafði þá athugað innihaldið lauslega og kvaðst ekki geta sagt um, hvaða vökvi þetta væri, þar sem hann hefði ekki tæki til efnagreiningar. Hins vegar varaði hann við að nota vökvann til drykkjar. Fór þá Halldór til þeirra Hjartar og Ólafs og sagði þeim frá umsögn lyfsalans. Þeim Hirti og Halldóri ber ekki alls kostar saman um það, hvernig Halldór skýrði frá þessu. Kveðst Halldór hafa skýrt þeim frá umsögn lyfsalans í samræmi við ofanritað og auk þess, að lyfsalinn hafi ekki getað fundið neitt eitur í vökvunum. Hjörtur segir hins vegar, að Halldór hafi aðeins sagt þeim, að lyfsalinn gæti ekki sagt þeim, hvaða vökvi þetta væri, en hann hefði ekkert eitur fundið í honum. Aftur á móti hefði hann ekki haft eftir lyfsalanum, að varhugavert væri að nota hann til drykkjar. Segir Hjörtur, að þetta hafi styrkt sig í þeirri trú, að hér væri um venjulegan spiritus (etylalkohol) að ræða.

Frekari tilraunir til þess að láta rannsaka vökvann gerðu þeir ekki í bili. Eftir því sem Hjörtur skýrir frá, barst það í tal milli hans og Ólafs Davíðssonar að senda sýnishorn til Reykjavíkur til rannsóknar, en Ólafur dró frekar úr því, vegna þess að þá væri hætt á, að það siaðist út, að þeir hefðu vökvann undir höndum.

Hinn 26. júlí s. l. komu þeir allir saman, Ólafur, Hjörtur og Halldór. Ákvað þá Ólafur sem formaður bátsins, að þeir skyldu skipta innihaldinu úr tunnunni á milli sín. Féllust hinir á það. Í því skyni keyptu þeir þá þegar sinn brúsann hver, alla af sömu stærð, 10½ litra brúsa. Fóru þeir með brúsana niður í Geirseyri og töppuðu á brúsana úr tunnunni. Síðan fór hver þeirra með sinn

brúsa heim til sín og helltu úr þeim á flöskur, stórar og smáar. Þar næst fóru þeir aftur niður í Geirseyri og tóku á brúsana og fluttu heim. Þrjár ferðir fóru þeir þann dag. Voru þeir jafnan saman, er tappað var á brúsana, enda hafði einungis formaðurinn lykil að kjallaranum, þar sem tunnan var geymd. Fáum dögum síðar komu þeir aftur saman og fluttu þá heim til sín einn brúsa hver. Og nokkru seinna sóttu þeir á einn brúsa hver í viðbót. Það var laust fyrir þjóðhátíðina. Hafði hver þeirra þá fengið fimm brúsa af vininu, eða alls 52½ lítra. Þá var enn eftir talsverður slatti í tunnunni, og var tilætlunin að skipta því einnig, en það fórst fyrir. Er lögreglan tók tunnuna í sínar hendur, voru í henni 27 lítrar af óblönduðu metanól. Samkvæmt mælingum, er þá voru gerðar, tók tunnan um 190 lítra.

Er innihaldi tunnunnar hafði verið skipt og flutt heim, eins og nú hefur verið greint, var afskiptum Halldórs E. Halldórs-sonar lokið. Um þetta leyti réðst hann á annan bát og virðist ekkert hafa umgengizt þá Hjört eða Ólaf eftir þetta. Stundaði hann sjóróðra fram að þjóðhátíð og fram yfir hana, er veður leyfði. Lét hann ekkert af sínum skammti af hendi og neytti þess ekki heldur. Þó kveðst hann hafa haldið, að þetta væri vinandi. En hann hafði ásett sér, enda fastmælum bundið milli þeirra allra, hans, Hjartar og Ólafs, að láta það ekki til eins eða neins og ekki notfæra sér það á nokkurn hátt, fyrr en það hefði verið rann-sakað. Er lögreglan kom heim til hans á mánudag, 9. ágúst, var allt það magn, 52½ líter, er hann hafði veitt móttöku, til staðar, og afhenti kona hans það lögreglunni, þar sem hann var þá sjálfur í róðri.

## II.

Hjörtur Guðnason lét sinn hluta af innihaldi tunnunnar á flöskur af ýmsum stærðum. Lét hann einnig á citronflösku og hafði hana uppi við. Kveðst hann hafa dreypt á henni öðru hverju. Nokkru fyrir þjóðhátíðina kom Ólafur Sigurðsson á Kalmanstjörn heim til hans. Hjörtur bauð honum kaffi og þáði Ólafur það. Er kaffið kom, tók Hjörtur fram citronflöskuna, og hellti út í bollann hjá Ólafi. Ólafur spurði þá Hjört, hvaða vín þetta væri, og sagði Hjörtur, að þetta væri „spíri“. Ólafur spurði þá, hvar hann hefði fengið hann, og kvaðst Hjörtur hafa fengið hann í Apotekinu. Drakk Ólafur síðan kaffið. Ekki neytti Hjörtur neins úr flöskunni, meðan Ólafur var við. Ólafi varð ekki meint af þessu. Ólafur var fyrsti maður, sem Hjörtur gaf af rekavíninu, eftir því sem Hjörtur skýrir frá.

Tveim dögum fyrir þjóðhátíð kveðst Hjörtur hafa komið í Söluturninn og átt tal við Þorlák Sverrisson kaupmann. Spurði Hjörtur Þorlák, hvort hann þekkti Ólaf Lárusson héraðslækni, og kvaðst Þorlákur vera kunnugur honum. Kveðst Hjörtur þá hafa

sagt Þorláki, að þeir á Stakksárfossi hefðu fundið tunnu með vínanda, sem þeir vissu ekki hvað væri. Spurði hann Þorlák jafnframt að því, hvort hann mundi þekkja vínandann. Taldi Þorlákur það ekki óhugsandi. Fór Hjörtur þá heim til sín og sótti eina þriggja pela flösku af vínandanum óblönduðum. Þorlákur smakkaði á vínandanum og lét orð falla í þá átt, að þetta væri venjulegur spíritus. Tók hann fram 3ja pela flösku, sem hann sagði, að tréspíritus væri á, og væri hann allt öðruvísi en vínandinn, sem Hjörtur væri með. Dreypti Hjörtur á flösku Þorláks, og fannst honum bragð og lykt annað en af sínum vínanda. Samt kveðst Hjörtur hafa varað Þorlák við að drekka vínandann og beiddi hann að fara með flöskuna til Ólafs Lárussonar héraðslæknis og láta hann athuga innihaldið. Skildi Hjörtur síðan flöskuna eftir og fór burtu.

Sama dag hitti Hjörtur Ólaf Davíðsson og sagði honum frá því, að hann hefði látið Þorlák fá eina flösku af víninu. Ólafur lét þá þegar orð falla á þá leið, að Þorlákur myndi drekka vinið. Fór Hjörtur þá til Þorláks um kvöldið, og kvaðst Þorlákur hafa drukkið um pela úr flöskunni og fullyrti, að þetta væri ekta spíritus. Ólafi Lárussyni hafði hann aftur á móti ekki sýnt flöskuna, enda hefði hann ekki getað náð til hans.

Tveim dögum síðar fór Hjörtur aftur niður í Turn og hitti Þorlák. Þorlákur var þá undir áhrifum víns og það mikið. Kvaðst Þorlákur vera búinn að drekka upp úr flöskunni og hefði honum ekki orðið meint af. Kvaðst Þorlákur þess fullviss, að vinið væri ósagnæmt. Beiddi hann Hjört að láta sig hafa einn pela af víninu í viðbót. Fór Hjörtur þá heim og sótti einn whiskypela af víninu óblönduðu og fór með pelann niður í Turn og afhenti Þorláki. Þorlákur vildi greiða honum 70 krónur fyrir pelann, en Hjörtur kveðst ekki hafa viljað taka við því og gefið honum pelann. Sagðist hann hafa sagt um leið, að fyrst þetta væri hreinn vínandi, þá ætti hann það mikið heima, að hægt yrði að fá mikið fé fyrir það. Þetta var seint um kvöld. Fór Hjörtur síðan burtu.

Um þessi viðskipti þeirra Þorláks er Hjörtur einn til frásagnar, því Þorlákur var látinn, er rannsókn hófst, eins og áður getur. Og þar sem öðrum upplýsingum er ekki til að dreifa, verður að leggja frásögn Hjartar til grundvallar, eins og hún er. Og að nokkru styður það frásögn hans, að eftir andlát Þorláks fannst í Söluturninum 3ja pela flaska, sem á stóð: Tréspíritus banvænt, og er sennilegt, að það hafi verið flaskan, sem Þorlákur sýndi Hirti. Eins fannst í Söluturninum whiskypeli, fullur af tærum vökva, sem virtist vera tréspíritus, og kveðst Hjörtur halda, er honum var sýndur pelinn, að þetta væri sá sami og hann lét Þorlák fá.

Uplýst er, að Þorlákur var mikið drukinn á áliðnum miðvikudegi 4. ágúst, eða á öðrum degi fyrir þjóðhátíðina. Hann var einnig

drukkinn á fimmtudag og alla þjóðhátíðardagana, meira og minna, fram á sunnudagskvöld. Nóttina eftir andaðist hann, eins og fyrr getur.

Umsögn Þorláks um vinið og sérstaklega það, að Þorlák virtist ekki saka, þó hann neytti þess, styrkti Hjört þeirri trú, að um spiritus væri að ræða. Og fyrir þjóðhátíðina blandaði hann úr tveimur þriggja pela flöskum af rekavininu á sex eða sjö þriggja pela flöskur. Þetta ætlaði hann til neyzlu á þjóðhátíðinni og til sölu. Gekk það allt upp. Blandaði hann þá að nýju, að því er hann minnti úr þrem flöskum af því óblönduðu.

Á föstudag, fyrsta dag þjóðhátíðarinnar, fór Hjörtur inn í Herjólfsdal, þar sem hátíðarhöldin fóru fram. Jón Gestsson slippstjóri hafði tjald inni í dalnum og léði Hirti afnot af því. Hjörtur hafði meðferðis pela af óblönduðu rekavininu. Gaf hann Jóni að smakka á innihaldinu og kveðst hafa skýrt honum frá, að þetta vin hefðu þeir Stakksárfossmenn fundið úti á sjó. Kvaðst hann hafa sagt honum allt af léttu um vinið. Neyttu þeir báðir litils háttar af vininu, þeir voru inni í tjaldinu, er þetta var. Síðan fóru þeir út, og skildi Hjörtur pelann eftir í tjaldinu.

Allöngu síðar um kvöldið sama dag kom Hjörtur í tjaldið, og var pelinn þá tómur. Kvaðst Jón þá hafa drukkið úr pelanum og gefið öðrum með sér. Annan pela hafði Hjörtur með sér inni í Dal þenna dag með blönduðum rekaspíritus. Neytti hann þess sjálfur og gaf ýmsum með sér. Kvaðst hann halda, að hann hafi sjálfur drukkið allt að því einn pela af vininu blönduðu þá um daginn.

Aðfaranótt laugardagsins gerði afspyrnurok í Vestmannaeyjum og hélzt fram á laugardag. Féllu hátíðahöldin í dalnum niður þann dag. Hjörtur var niðri í bænum um daginn og venjulega heima.

Að áliðnum degi kveðst Hjörtur hafa farið heiman að frá sér og upp að Stakkagerði. Ætlaði hann að hitta móðurbróður sinn, sem var úr Reykjavík, en dvaldi í Stakkagerði, meðan þjóðhátíðin stóð yfir. Hafði Hjörtur þriggja pela flösku af rekaspíritusinum óblönduðum með sér. Kvaðst Hjörtur hafa ætlað sér að biðja móðurbróður sinn fyrir flösku til Reykjavíkur og láta rannsaka innihaldið þar. Er Hjörtur kom að Stakkagerði, var móðurbróðir hans ekki við, svo ekkert varð úr þessu. Fór móðurbróðir hans síðan úr bænum, áður en Hjörtur gæti náð til hans.

Á leiðinni heim frá Stakkagerði í umrætt skipti hitti Hjörtur Odd Sigurðsson frá Skuld. Áttu þeir tal saman, og spurði Oddur, hvort hann ætti nokkuð. Hjörtur tók þá fram 3ja pela flöskuna og gaf Oddi að súpa á. Oddur tók vænan snaps og renndi niður. Þótti honum vinið frekar gott. Oddur spurði þá Hjört, hvaða vin þetta væri, og sagði Hjörtur, að þetta væri spiritus, sem hann hefði fundið í kút úti á sjó. Oddur spurði þá Hjört, hvort búið væri

að rannsaka vinið, og sagði Hjörtur, að svo væri, apotekarinn væri búinn að rannsaka það. Jafnframt spurði Oddur, hvort vinið hefði ekki verið á tunnu, og svaraði Hjörtur því neitandi, vinið hefði verið á kút. Fór Oddur þá fram á, að Hjörtur léti hann hafa eitthvað af flöskunni, þar sem hann væri svona birgur, og kvaðst Hjörtur skyldu gera það. Fengu þeir þá lánaða bjórflösku hjá Ólafi á Kalmanstjörn. Hellti Hjörtur úr þriggja pela flöskunni á bjórflöskuna og gaf Oddi. Skildu þeir síðan. Oddur drakk ekkert úr bjórflöskunni um daginn, en á sunnudag drakk hann úr henni hálfri og gaf öðrum litils háttar með sér. Á mánudag var flaskan um það bil hálf, og hellti hann því niður, sem eftir var. Ekkert varð honum meint af þessu.

Um kvöldið á laugardag kveðst Hjörtur hafa farið heim til ákærðs Guðna Einarssonar og hafði meðferðis 3ja pela flösku. Var rekaspíritus á flöskunni að  $\frac{1}{3}$ , en vatn að  $\frac{2}{3}$ . Þeir Guðni drukku dálítið úr flöskunni, og fór Hjörtur síðan heim til sín. Hann kveðst þá hafa verið talsvert undir áhrifum vins. Á sunnudag, er hann vaknaði og þann dag allan, kveðst hann hafa verið ringlaður og utan við sig. Var þá sjón hans óskýr, og gat hann t. d. ekki greint Bjarnarey heiman að frá sér. Allt að einu, segir hann, að sér hafi ekki dottið í hug, að þetta stafaði af vininu. Klukkan 4 um daginn fór Hjörtur ásamt konu sinni inn í Herjólfsdal, en hátíðahöldin héldu þá áfram. Heldur Hjörtur, að þá hafi hann farið með einn pela af blönduðum rekaspíritus, og hafi þeir Jón Gestsson drukkið úr honum ásamt fleirum. Annars er framburður Hjartar um þetta óljós, eins og um fleiri atriði málsins. Kvaðst hann muna allt óljóst, sem gerðist þjóðhátíðardagana.

Sunnudagskvöldið kom Ingvi Sveinbjörnsson frá Akureyri heim til Hjartar. Þeir voru kunningjar og náskyldir, systrasynir. Nokkru síðar kom Jón Gestsson og bróðir hans, Andrés Gestsson. Hjörtur þekkti Andrés í sjón, en ekkert voru þeir kunnugir. Hjörtur tók þá fram pela með dálitilli lögg af rekaspíritus og gaf þeim. Drukku þeir þetta í heitu vatni og með sykri. Er það var búíð, tók Hjörtur fram 3ja pela flösku fulla, og var á henni blandaður rekaspíritus. Drukku þeir allir úr flöskunni nema Hjörtur, hann drakk ekkert. Er flaskan var hálf, fóru þeir Jón og Andrés burtu, en áður en þeir fóru, hellti Jón því, sem eftir var, á pela og hafði burt með sér. Segir Hjörtur, að Jón hafi farið fram á, að fá einn pela af vininu óblönduðu, en Hjörtur kvaðst hafa neitað því, vegna þess að þá hafi hann verið búinn að ákveða að láta engan fá rekaspíritus óblandaðan, því hann áleit, að þá yrði spíritusinn síður að meini, ef einhver skaðleg efni kynnu að vera í honum. Ekki greiddi Jón neitt fyrir pelann, sem hann fékk, enda vildi Hjörtur ekki taka neitt fyrir hann. Er þeir Jón og Andrés fóru, kvaðst Andrés hafa

verið farinn að finna á sér af vininu, en hann hafði ekki neytt neins vins um daginn að því undanskildu, að hann hafði þegið einn snaps rétt eftir hádegið.

Eftir að þeir Jón voru farnir, lét Hjörtur Ingva fá 3ja pela flösku af rekaspiritus. Var blandað á flöskuna og hún full upp í axlir. Kvaðst Hjörtur hafa drukkið litilsháttar úr flöskunni, áður en Ingvi fór. Ingvi vildi greiða fyrir flöskuna, en ekki kvaðst Hjörtur hafa viljað taka við borgun. Hjörtur kvaðst hafa sagt Ingva allt af léttu um vinið.

Jón Gestsson fór inn í Dal um kvöldið svo og Andrés bróðir hans. Jón hafði pelann meðferðis. Þeir voru báðir í Dalnum fram eftir nóttunni. Kvaðst Andrés hafa þáð snaps hjá bróður sínum einu sinni eða tvisvar um nóttina. Undir kl. 12 um kvöldið hitti Jón Gestsson frú Árnýju Guðjónsdóttur á Sandfelli og systur hennar. Jón beiddi Árnýju að koma með sér niður í bæ til þess að sækja konu sína, er var heima. Fór Árný svo með honum. Er þangað kom, gat kona Jóns ekki farið frá heimilinu, vegna þess að hún hafði engan til að hugsa um börnin á meðan. Þau Jón og Árný námu staðar dálitla stund. Fengu þau heitt vatn og helltu vini úr pelanum út í og drukku. Síðan fóru þau aftur inn í Dal. Árný varð brátt veik, er þangað kom, og fékk uppköst. Fór hún þá von bráðar niður í bæ og heim. Daginn eftir var Árný við rúmið. Er á daginn leið, versnaði henni, og var þá vitjað læknis. Þá var hún með einkenni metanoleitrunar. Sagði hún læknum, að hún hefði neytt vins með Jóni Gestssyni kvöldið áður. Á þriðjudag andaðist hún, eins og fyrr er sagt. Ekki er kunnugt, að Árný hafi neytt meira af rekavíninu en ofan er greint.

Þeir Jón Gestsson og Andrés bróðir hans fóru úr Dalnum um 4-leytið aðfaranótt mánudagsins. Jón var þá dálítið undir áhrifum, en Andrés ekki, enda hafði Andrés neytt litils vins um nóttina. Morguninn eftir, er Jón vaknaði, hafði hann orð á því við konu sína, að sér fyndist, að nú væri að svífa á sig. Nokkru síðar varð hann veikur og mjög þjáður, er á daginn leið. Hann andaðist á sjúkrahúsinu kl. 1 um nóttina.

Er Andrés vaknaði á mánudagsmorgni, var hann með uppköstum og leið illa. Þá hafði hann fulla sjón. Er á daginn leið, dapraðist sjónin, og um kvöldið sá hann allt í þoku. Á þriðjudagsmorgni var hann fluttur á sjúkrahús. Vissi hann þá lítið af sér. Man hann síðan ekkert eftir sér fyrr en um kvöldið sama dag. Var þá sem hann vaknaði af svefni. Fannst honum þá, að hann væri alheilbrigður, en ekki sá hann neitt. Lá hann síðan lengi á sjúkrahúsinu og fór batnandi, nema sjónin var biluð. Samkvæmt áliti læknis er ekki útlit fyrir, að hann fái sjónina aftur.

Andrés kvaðst hafa álitnið, að það vin, sem hann neytti hjá Hirti

og bróður sínum, hefði verið brennivín. Hvorki Hjörtur né Jón sögðu honum frá því, að þetta væri fundið vín.

Ingvi Sveinbjörnsson varð veikur á mánudag og andaðist á þriðjudagsmorgni, eins og fyrr getur.

### III.

Ákærður Guðni Einarsson var leigjandi hjá Ólafi Davíðssyni, er þetta var. Bjó Guðni niðri í húsinu, en Ólafur bjó sjálfur uppi. Kveðst Guðni hafa komið inn til Ólafs rétt fyrir þjóðhátíðina. Sagðist Ólafur þá eiga dálitla lögg af víni, er hann hafði fundið úti á sjó. Tók hann fram bjórflösku með víninu á og gaf Guðna að smakka. Guðni kveðst hafa spurt Ólaf, hvort þetta myndi ekki vera tréspiritus. Það kvaðst Ólafur ekki vita, þar sem ekki væri búið að rannsaka það. Þó kvaðst Ólafur frekar halda, að þetta væri venjulegur spiritus. Áttu þeir svo ekki frekar tal um þetta.

Rétt á eftir að þetta var, hitti Guðni Hjört úti á götu. Þeir voru kunningjar síðan á vetrarvertíðinni, en þá höfðu þeir verið hásetar á sama bátnum. Áttu þeir nokkurt tal saman, og sagði Hjörtur meðal annars, að hann hefði undir höndum fundið vín. Segir Hjörtur, að Guðni hafi haft orð á því, hvort hann mætti snúa sér til hans, ef hann myndi vanhaga um vín á þjóðhátíðinni, og kveðst Hjörtur hafa játað því. Guðni kvaðst hins vegar ekki minnast þess, að hann hafi í umrætt skipti farið fram á að fá vín hjá Hirti.

Fyrsta dag þjóðhátíðarinnar, 6. ágúst, hittust þeir aftur inni í Herjólfsdal. Guðni kveðst þá hafa verið kenndur af víni úr áfengisverzlun ríkisins. Hjörtur bauð honum snaps, og var það rekaspíritusinn. Segir Guðni, að sér hafi þótt vínið gott. Annað hvort þá eða daginn eftir sagði Hjörtur Guðna frá því, að hann hefði sjálfur neytt vinsins og ekki kennt sér meins og að Þorlákur Sverrisson væri búinn að vera drukkinn af víninu í þrjá daga og væri enn í fullu fjöri. Vegna þessa taldi Hjörtur, að vínið mundi vera ósaknæmt og ekki myndi saka, þó þess væri neytt. Kveðst Guðni þá hafa farið þess á leit við Hjört, að hann léti sig fá eitthvað af því, og samsinnti Hjörtur því.

Daginn eftir, á laugardag, fór Guðni síðan heim til Hjartar og fékk hjá honum vín. Kveðst Guðni hafa fengið einn pela af víninu blönduðu, en Hjörtur kveðst hafa látið hann hafa 3ja pela flösku, og er það öllu sennilegra. Þetta var fyrri hluta dagsins. Ekki greiddi Guðni neitt fyrir vínið, enda kveðst Hjörtur hafa gefið honum það, en Guðni kveðst hafa fengið það lánað.

Kvöldið áður hafði Guðni hitt inni í Herjólfsdal þá Guðmund Pálsson frá Sandvík á Eyrarbakka og Reyni Böðvarsson, Einarshöfn, s. st. Guðmundur Pálsson þekkti Guðna síðan á vetrarvertíðinni 1939, en þá voru þeir báðir hásetar á m/b Olgu, sem gerð

var út frá Vestmannaeyjum, og bjuggu í sama herbergi. Hittust þeir í Dalnum, er rokið var að byrja um kvöldið. Guðni átti tjald í Dalnum, og fóru þeir að hjálpa honum við að taka það saman. Er það var búíð, bauð Guðni þeim heim til sín og báðu þeir það. Gaf Guðni þeim vín, og var það brennivín úr „ríkinu“ og átti hann hátt í flösku. Drukku þeir talsvert úr flöskunni og fóru síðan inn í Dal aftur.

Um hádegið daginn eftir fóru þeir Guðmundur og Reynir heim til Guðna og báðu hann um snaps. Guðni gaf þeim báðum snaps, og fóru þeir síðan heim að Hamri, en þar bjuggu þeir, meðan þeir dvöldust í Vestmannaeyjum. Klukkan að ganga 3 um daginn kom Guðni þangað til þeirra og bauð þeim aftur heim, og fóru þeir með honum. Tók þá Guðni fram 3ja pela flösku með víni, og var þetta vinið, sem hann hafði fengið hjá Hirti fyrr um daginn. Guðni sagði þeim, að þetta væri rekaspiritus, en apotekarinn væri búinn að rannsaka það og fyndi ekkert skaðlegt í honum. Svo sagði hann þeim, að Þorlákur Sverrisson væri búinn að vera drukkin af þessu víni í þrjá daga og sæi ekkert á honum. Einnig minntist Guðni á annan mann, sem hefði neytt vinsins, sem hann vissi ekki, hvernig hefði reitt af. Guðmundur Pálsson kveðst hafa gleymt nafni þess manns. Guðni sjálfur kveðst ekki minnst þess, að hann hafi skýrt þeim frá öðrum en Þorláki og Hirti.

Síðan drukku þeir allir saman úr flöskunni í heitu vatni og með sykri. Drakk hver þeirra um 2 til 3 glös. Síðan fóru þeir Guðmundur og Reynir, og var þá allmikið eftir í flöskunni. Báðum fannst vinið bragðlitið.

Undir kvöldið ætluðu þeir Guðmundur og Reynir á dansleik í Samkomuhúsinu. Fóru þeir þá heim til Guðna og báðu hann að útvega sér vín. Guðni kvaðst skyldi reyna það og sagði þeim, að flaskan myndi kosta 60 kr., eða fyrir það verð gæti hann fengið hana vegna kunningsskapar, en annars væri verðið kr. 70. Fór Guðni svo heim til Hjartar og fékk hjá honum 3ja pela flösku af blönduðum rekaspiritus. Flöskuna afhenti hann síðan þeim Guðmundi, og greiddu þeir honum 60 kr. fyrir hana. Peningana kveðst Guðni hafa afhent Hirti.

Guðmundur og Reynir fóru þar næst á dansleikinn og höfðu flöskuna meðferðis. Á dansleiknum drukku þeir úr flöskunni niður í hana hálfu ásamt tveimur kunningjum sínum. Helltu þeir þá því, sem eftir var, á pela, og hafði Guðmundur pelann undir höndum. Drukku þeir svo öðru hverju úr pelanum. Klukkan að ganga 4 um nóttina fór Guðmundur burt af dansleiknum og hafði pelann meðferðis. Var þá talsverður slatti á honum. Daginn eftir svaf Guðmundur mest-allan daginn, en dreypti öðru hverju á pelanum. Á mánudagsmorgni, er hann vaknaði, var hann all-mátt-farinn og sjón hans farin að óskýrast. Gerði hann ráð fyrir, að

Þetta væri af völdum vinsins og hellti niður þeirri lögg, sem eftir var í pelanum. Er á daginn leið, ágerðist lasleiki hans, og var hann fluttur í sjúkrahúsið á áliðnum degi. Lá hann þar um skeið, en fór batnandi. Fór hann af sjúkrahúsinu eftir rúma viku og var þá nokkurn veginn jafngóður. Reynir veiktist ekki, svo kunnugt sé.

Upp úr hádeginu á laugardag, 7. ágúst, hittu Guðni Einarsson þá Jón Inga Jónsson í Sætúni og Óskar Jónsson frá Múlakoti. Guðni var kunnugur þeim báðum og bauð þeim heim til sín um kvöldið. Þá þáðu þeir það, og á niunda tímanum komu þeir heim til Guðna. Guðni tók fram brennivinsflösku úr áfengisverzluninni með slatta á og gaf þeim snaps. Drukku þeir það í kaffi. Er búið var úr flöskunni, hafði Guðni orð á því, að leitt væri að hafa ekki meira, og svöruðu hinir því, að það gerði ekkert til. Áttu þeir nokkurt tal um þetta. En allt í einu stóð Guðni upp og gekk út í horn á herberginu og tók þar fram fulla vermútsflösku. Spurðu þeir Guðna, hvaða vín þetta væri, en Guðni svaraði einhverju til í þá átt, að þeim skildist, að þetta væri landi. Fengu þeir báðir einn snaps hvor úr flöskunni og fóru síðan. Vinið á flöskunni var blandaður rekaspiritus, og virðist svo, sem þetta hafi verið sama vínið, sem Guðni fékk hjá Hirti um morguninn og fyrr getur, og sama vínið, er hann gaf þeim Guðmundi Pálsyni og Reyni af kl. að ganga 3 um daginn.

Er Jón Ingi og Óskar fóru, gekk Guðni með þeim niður í bæ. Á Vestmannabrautinni hittu þeir Guðmund Ágústsson frá Aðalbóli ásamt þremur mönnum öðrum. Þeir kváðust ætla á dansleikinn um kvöldið, en því miður hefðu þeir ekkert vín. Guðni kvaðst skyldi ráða bót á því. Fengu þeir honum 100 kr. til þess að kaupa vín fyrir. Guðni fór beina leið til Hjartar með peningana og fékk fyrir þá 3ja pela flösku og eina bjórflösku með blönduðum rekaspiritus. Fór Guðni svo með flöskuna til Guðmundar og félaga hans. Þeir buðu honum snaps með sér, en hann þáði það ekki og fór burtu. Ekki hafði hann orð á því, hvaða vín þetta væri. Hinir settust þegar að drykkju og drukku þeir vínið í vatni. Óskar Jónsson og Jón Ingi voru með þeim. Sátu þeir um stund heima hjá Guðmundi og drukku. Jón Ingi fór von bráðar, en hinir sátu eftir, og fóru síðan allir á dansleikinn og höfðu það, sem eftir var af víninu, með sér.

Daginn eftir upp úr hádeginu fóru þeir Jón Ingi og Óskar inn í Botn til þess að horfa á knattspyrnu, er þar fór fram. Kenndu þeir sér þá ekki meins. Hittu þeir Guðna Einarsson þar, og bauð hann þeim snaps. Þá var hann með slatta á pela. Hafði hann farið til Hjartar um morguninn og fengið hjá honum háflösku af reka-víninu blönduðu. Jón Ingi og Óskar þáðu um tvo snapsa hvor hjá Guðna og skildu síðan við hann. Ekki sagði Guðni þeim, hvaða vín þetta væri.

Á mánudag lá Óskar í rúminu, og varð hann máttfarinn, er á daginn leið, og sjón hans óskýr. Lá hann um tíma, en fór fljótt batnandi, og eftir viku fór hann á fætur.

Á áliðnum mánudegi fékk Jón Ingi óeðlilegan drunga yfir höfuðið, en að öðru leyti fann hann ekkert til. Hann lagðist í rúmið á þriðjudag samkvæmt læknisráði og lá til föstudagskvölds. Þá fór hann á fætur og var þá búinn að ná sér að mestu.

Guðmund Ágústsson sakaði ekki af því, er hann drakk, og sama var um féлага hans, að því er vitað er.

Á sunnudag 8. ágúst fyrir hádegið hittust þeir Guðni Einarsson og Anton Guðjónsson, Vestmannabraut 71, úti á götu í Vestmannaeyjum. Anton er mágur Guðna. Áttu þeir tal saman, og barst meðal annars vín í tal. Guðni kvaðst geta útvegað honum vín, ef hann þyrfti. Anton óskaði þá eftir því, og sagði Guðni honum að koma heim til sín upp úr hádeginu. Fór Guðni síðan til Hjartar og fékk hjá honum 2 3ja pela flöskur af rekavininu blönduðu. Einnig fékk hann hálfflösku fyrir sig sjálfan, eins og áður getur. Fyrir hálfu flöskuna og aðra heilflöskuna kveðst Guðni hafa greitt 70—80 kr., en hina heilflöskuna fékk hann lánaða. Eftir hádegið kom Anton heim til Guðna. Lét Guðni hann fá aðra 3ja pela flöskuna, og greiddi Anton 50 kr. fyrir hana. Síðan fóru þeir út báðir saman, og hafði Anton flöskuna með sér, en Guðni hellti úr hálfflöskunni á pela og hafði pelann meðferðis. Fóru þeir fyrst inn í Botn til þess að horfa á knattspyrnu. Hittu þeir þar ýmsa, sem þeir þekktu, og gáfu þeim snaps af víninu. Meðal þeirra var Jónas Sigurðsson í Hlaðbæ. Svo og Jón Ingi í Sætúni og Óskar Jónsson, eins og fyrir getur. Jónas í Hlaðbæ var þá dálitla stund með þeim Guðna og Antoni, og kveðst Jónas halda, að hann hafi drukkið sem svarar 3 snöpsum. Honum þótti vínið fullsterkt, en að öðru leyti ekkert athugavert við það. Enginn minntist á, hvaða vín þetta væri. Guðni og Anton fóru síðan niður í bæ og skildu þar. Er þeir skildu, var flaska Antons um það bil hálf. Eftir kaffitíma fór Anton inn í Dal og hafði flöskuna meðferðis. Þar var hann fram eftir deginum og drakk upp úr flöskunni þar inn frá og gaf ýmsum með sér. Undir kl. 7 hitti hann Jónas Sigurðsson, og urðu þeir samferða í bæinn. Er þeir komu að heimili Antons, námu þeir staðar, og fór Anton þar inn og sótti whiskyflösku, er hann átti, og var hálf af hreinu whisky. Fóru þeir síðan heim til Jónasar að Hlaðbæ, og hafði Anton whiskyflöskuna með sér. Á leiðinni komu þeir við að Ásum, þar sem Sveinjón Ingvarsson, mágur Jónasar, var staddur, og tóku hann með sér. Í Hlaðbæ borðuðu þeir allir og sátu síðan góða stund yfir whiskyflöskunni, þangað til hún var tóm. Klukkan að ganga 11 um kvöldið fóru þeir ásamt fleirum áleiðis inn í Dal. Í miðbænum skildi Anton við þá og fór heim til sín. Hinir héldu áfram inn í Dal.

Þangað kom Anton skömmu síðar. Hittust þeir þar aftur, hann, Jónas og Sveinjón. Þá átti enginn þeirra vín. Talaðist svo til milli þeirra, að Anton skyldi reyna að útvega það, en andvirðið skyldu þeir greiða allir í sameiningu. Anton fór þá að leita að Guðna og snerist góða stund í Dalnum, en fann hann ekki. Þá fór hann heim til hans, og var Guðni þar. Beiddi Anton hann um flösku, og tók Guðni þá fram hina 3ja pela flöskuna, er hann hafði fengið hjá Hirti um morguninn, og afhenti Antoni. Er Anton ætlaði að borga hana, sagði Guðni, að þeir gætu gert það upp seinna, en annars væri verðið kr. 70.00. Guðni kveðst hafa haldið, að Anton ætlaði flöskuna handa sjálfum sér, og kveðst hafa haft orð á, að þeir hefðu hana saman, og færzt undan að taka við greiðslu, enda hafi hann ekki sjálfur verið búinn að greiða hana.

Anton fór þar næst inn í Dal, og varð Guðni honum samferða. Þar skildu þeir og virðast ekki hafa hitzt aftur um nóttina, þótt þeir væru þar báðir nokkuð fram eftir nóttunni.

Eftir að Anton kom í Dalinn aftur, hitti hann Sveinjón Ingvarsson og afhenti honum flöskuna og sagði honum verðið. Sveinjón greiddi honum kr. 50.00 fyrir hlut þeirra Jónasar í henni. Fóru þeir þegar að gera sér gott af innihaldi flöskunnar og neyttu af því og skildu síðan, og geymdi Sveinjón flöskuna. Jónas hitti hann von bráðar. Jónas fékk sér tvo snapsa úr flöskunni, en þótti vínið svo sterkt og vont, að hann vildi ekki meira af því. Ekki drakk Jónas heldur meira úr flöskunni um nóttina. Hins vegar þáði hann meðal annars snaps hjá Jóni Gestssyni, kveðst hann hafa drukkið einn eða tvo snapsa úr pela, sem Jón var með, og fannst það ekki vont vín. Þeir Anton og Sveinjón hittust öðru hverju um nóttina og fengu sér snaps úr flöskunni. Anton varð allmikið drukkinn, en ekki eingöngu af þessu víni, því hann þáði einnig vín hjá hinum og þessum kunningjum sínum, er voru í Dalnum. Hann fór nokkru á undan þeim Jónasi og Sveinjóni niður í bæinn.

Klukkan að ganga fimm um nóttina fóru þeir Jónas og Sveinjón úr Dalnum og heim að Hlaðbæ. Var þá Sveinjón talsvert undir áhrifum, en Jónas lítið sem ekkert. Hvorugur þeirra mun hafa vitað, hvaða vín það var, er Anton hafði útvegað. Anton kveðst sjálfur ekki hafa haft grun um að neitt væri athugavert við vínið. Hann kveðst ekki hafa spurt Guðna um, hvaða vín þetta væri, og Guðni ekki sagt honum það heldur. Jónas kveðst hafa haldið, að þetta væri „landi“.

Er þeir Jónas og Sveinjón vöknúðu morguninn eftir um kl. 11 f. h., kenndu þeir sér ekki meins, en báðum fannst, að þeir væru undir sömu áhrifum og um nóttina, er þeir fóru að sofa. Eftir hádegismat fóru þeir báðir að sofa. Sveinjón hafði litla matarlyst, en Jónas var eins og venjulega. Þeir vöknúðu aftur um 4 leytið, og var Jónas þá með uppköstum og báðir undir sömu

áhrifum og áður, að þeim fannst. Um þetta leyti fréttu þeir um lát Þorláks Sverrissonar og Daniels Loftssonar. Datt þeim þá í hug, að ekki væri allt með felldu. Um 6 leytið fór Jónas til læknis til þess að leita ráða vegna Sveinjóns, þar sem liðan hans breyttist ekki. Læknirinn lét Jónas hafa meðöl handa Sveinjóni, en þau höfðu engin áhrif. Ástand hans hélzt óbreytt fram eftir kvöldinu. Um nóttina var hann alltaf öðru hverju með uppköstum. Um 3 leytið um nóttina var sent eftir lækni, og kom hann skömmu síðar. Var Sveinjón þá með glögg einkenni metanoleitrunar. Hann var fluttur á sjúkrahús klukkan að ganga 9 um morguninn, þriðjudaginn 10. ágúst. Þá sá hann lítið sem ekkert, hafði sjónin förlazt á örstuttum tíma. Hann andaðist á sjúkrahúsinu sama dag kl. um 1 e. h.

Á þriðjudagsmorgni ágerðist slappleiki Jónasar. Jafnframt dapraðist sjónin. Hann var fluttur á sjúkrahús klukkan að ganga 10 um morguninn. Þá sá hann ekki Heimaklett eða fjöllin umhverfis kaupstaðinn, og húsin í bænum sá hann í þoku. Hann lá í viku á sjúkrahúsinu og var þá búinn að ná sér að mestu.

Er Anton Guðjónsson vaknaði á mánudagsmorgni, var mikill drungi yfir honum og þá líkast sem hann væri undir áhrifum. Fór hann á fætur um hádegið og var á fótum fram eftir deginum. Versnaði honum, er á daginn leið, þyngdist í höfðinu og varð slæmur í augum og sjónin óskýrðist. Um kvöldið fór hann til læknis, og var hann þá með einkenni metanoleitrunar. Lagðist hann þá í rúmið og lá í rúminu til laugardags og var þá orðinn mikið til jafngóður.

Guðni Einarsson neytti sjálfur, eins og fyrr getur, talsvert af hálfflöskunni, er hann fékk hjá Hirti á sunnudagsmorgni, og gaf öðrum með sér. Eins og áður segir, hellti hann úr flöskunni á pela. Um kvöldið var ekki búíð úr pelanum, og hafði hann pelann með sér inn í Dal. Þar drakk hann lítið sem ekkert úr honum, og að lokum hellti hann því niður, sem eftir var. Kveðst hann þá hafa verið orðinn hálf hræddur við að neyta þess, vegna þess að honum hafi fundizt áhrifin öðruvísi en vera ætti.

Á mánudag var hann slappur og lasinn og var við rúmið mikið af deginum. Lá hann á þriðjudag, og var hann þá slæmur í augum og máttfarinn og með einkenni metanoleitrunar, en ekki alvarleg. Hann fór á fætur í vikulokin og var þá búinn að ná sér.

#### IV.

Samkvæmt því, er hér á undan hefur verið tekið fram, fékk Guðni samtals hjá Hirti 5½ eða 6 flöskur af blönduðu metanol. Þar af var ein flaska eða 1½ handa Guðna sjálfum, en hitt handa öðrum, sem Guðni útvegaði vín. Fyrir alls 4 flöskur greiddi Guðni Hirti 230 eða 240 kr., en af þeirri upphæð hafði Guðni

fengið afhentar kr. 210 hjá þeim, er hann hafði útvegað vín. Þær 50 kr., er Sveinjón Ingvarsson afhenti Antoni Guðjónssyni, virðast ekki hafa komið í hendur Guðna og því síður til Hjartar. Engan hagnað virðist Guðni hafa haft af þessum viðskiptum, að því undanskildu, að Hjörtur lét hann hafa dálítið af metanol endurgjaldslaust til eigin neyzlu. Báðir, Guðni og Hjörtur, eru sam-mála um, að Guðni hafi ekki fengið meira, og hér sé allt það vín (metanol) talið, sem hann fékk hjá Hirti. Hefur ekkert komið fram, sem gæfi sérstaka ástæðu til að draga þetta í efa. Hins vegar var framburður þeirra beggja nokkuð á reiki varðandi þessi viðskipti þeirra, bæði hvað snertir magn og verð, og ekki skýrðu þeir frá hverri einstakri sölu að fyrra bragði, heldur fyrst, er nokkur gögn lágu fyrir við rannsókn málsins.

Það metanol, er Hjörtur lét af hendi til annarra en Guðna eða neytti sjálfur, er tilgreint hér að framan undir II. Eins og þar er tekið fram, kveðst Hjörtur ekkert endurgjald hafa tekið fyrir það, og kom ekkert fram við rannsókn málsins, er benti til þess. Annars var ekki unnt, eins og fyrr getur, að taka skýrslur af sumum, er hlut áttu að máli, vegna þess að dauða þeirra bar svo fljótt að höndum.

Hjörtur hefur fullyrt, að samkvæmt því, sem að ofan er ritað, hafi hann að fullu eða minnsta kosti svo, að ekki skeiki neinu verulegu, gert grein fyrir því metanol, er hann lét af hendi til annarra eða neytti. Virðist það alls hafa numið um 5—6 lítrum eða tæplega það. Er þá gert ráð fyrir, að það sem hann lét af hendi blandað, hafi verið blandað nálægt hlutföllunum 1 á móti 2. Nákvæmlega er ekki unnt að ákveða þetta.

Eins og fyrr segir, veitti Hjörtur upphaflega móttöku 52½ lítra, en á mánudag 9. ágúst skilaði hann aðeins 26 lítrum. Vantaði því 26½ lítra. Er það er dregið frá, er hann lét til annarra eða neytti, vantar enn 20½ lítra — 21½ lítra. Gaf Hjörtur þá skýringu á þessari vöntun, að kona sín hefði hellt niður allmiklu af metanolinu, meðan hann var undir yfirheyrslu á mánudag 9. ágúst. Þetta staðfesti kona hans. Kvaðst hún hafa hellt niður úr stórri flösku, er var næstum full, og sýndi hún flöskuna, og tók hún tæpa 15 lítra. Svo kvaðst hún einnig hafa hellt niður úr mörgum 3ja pela flöskum, og gizkaði hún á, að þær hefðu verið 15. Jafnframt sýndi hún 15 tómar 3ja pela flöskur. Ekki er sérstök ástæða til að rengja þessa frásögn í aðalatriðum. Sennilegt er, að á sumum 3ja pela flöskunum hafi verið blandað metanol, sbr. framburð Hjartar hér að framan, enda yrði metanolmagnið eða hlutur Hjartar meiri að öðrum kosti en vera ætti. Hjörtur kveðst ekki hafa beðið konu sína að hella metanolinu niður. Kvaðst hún hafa gert þetta vegna þess, að hún hafi orðið svo hrædd, er Hjörtur var kallaður fyrir. En annað virðist einnig hafa komið til. Hjörtur skýrir svo frá, að

Ólafur Daviðsson hafi tvisvar komið heim til sín upp úr hádeginu á mánudag 9. ágúst, og í fyrra skiptið átt tal við konu Hjartar, en í síðara skiptið við Hjört sjálfan. Sagði Ólafur, að nú væri ekki gott í efni, Daniel Loftsson væri látinn af völdum fundna vinsins og hann sjálfur hefði ekki til staðar það magn, er hann hafði upphaflega tekið við, vegna þess að hann hafi hellt nokkru af því niður. Kvað Ólafur fyrirsjáanlegt, að mál þetta myndi verða rannsakað, og þá væri nauðsynlegt, að allir hefðu jafnt til þess að fyrirbyggja grunsemdir. Lagði hann til, að þeir allir helltu niður nokkru af fundna vinnu og hefðu allir til staðar sömu pottatölu, er hann tiltók, en Hjörtur hafði gleymt, hver var. Halldór Halldórsson var á sjó, er þetta var, og hafði Ólafur orð á, að slæmt væri að ná ekki til hans. Kona Hjartar vissi um erindi Ólafs, og áleit hann, að þetta hefði orðið til þess, að konan hellti nokkru af metanolinu niður, og er það ekki ósennilegt.

Eins og fyrr getur, neytti Hjörtur nokkurs af metanolinu tvo fyrri daga þjóðhátíðarinnar og eitthvað lítillsháttar fyrir hana. Annars neytir hann lítils vins. Hann kveðst hafa fundið til áhrifa á laugardag, og var hann lasinn og ringlaður daginn eftir, sunnudaginn 8. ágúst. Þann dag neytti hann einskis af metanolinu eða lítils sem einskis. Á mánudag var hann við rúmið öðru hverju. Hann lá í rúminu á þriðjudag og vikuna út og til næsta miðvikudags, en þá fór hann á fætur og var þá búinn að ná sér að mestu leyti. Hann fékk einkenni metanoleitrunar, en varð aldrei alvarlega veikur.

## V.

Allmikið vantaði á, að því metanolmagni væri skilað, er Ólafur Daviðsson tók í sinn hlut. Hann hafði, eins og hinir, fengið  $52\frac{1}{2}$  litra, en af því var skilað  $23\frac{1}{4}$  litrum. Vantaði því  $28\frac{1}{4}$  litra. Ekki hefur verið unnt að fá viðunandi upplýsingar um, af hverju þessi mikla vöntun stafaði, enda lézt Ólafur áður en tók voru á að taka af honum réttarskýrslu. Hér að ofan er skýrt frá því, að Hjörtur hafi það eftir Ólafi, að hann hafi sjálfur hellt nokkru af metanolinu niður, og kona Ólafs bar það fyrir rétti, að hún hafi á áliðnum mánudegi 9. ágúst hellt niður nokkrum litrum, er voru í fötu í geymsluherbergi í kjallara hússins, er þau bjuggu í.

Upplýst má telja, að Ólafur Daviðsson neytti sjálfur af metanolinu, er hann hafði undir höndum, og að það hafi valdið dauða hans. Upplýst er einnig, að hann lét metanol af hendi til neyzlu, en hve mikið, hefur ekki verið unnt að upplýsa. Ólafur lét Guðjón Jónsson í Hlíðardal fá 3ja pela flösku af blönduðu metanol á sunnudag 8. ágúst. Tók Ólafur ekkert fyrir flöskuna, enda voru þeir Guðjón kunningjar. Guðjón neytti innihaldsins úr flöskunni ásamt öðrum á sunnudagskvöldið. Daginn eftir var hann lasinn og vitj-

aði læknis um kvöldið, og var þá með einkenni metanoleitrunar, en frekar væg. Þá lagðist hann í rúmið og lá til laugardags. Á sunnudagskvöldið (8. ágúst) útvegaði Ólafur Hermanní Hjartarsyni vélstjóra eina 3ja pela flösku af áfengi og tók 100 krónur fyrir. Sagði Ólafur, að þetta væri landi, og hefði hann sjálfur gefið 100 kr. fyrir flöskuna. Eftir að þeir skildu, saup Hermann á flöskunni, og þótti honum vinið svo vont á bragðið, að hann kastaði upp samstundis. Hellti hann þá niður úr flöskunni, þar sem hann áleit ekki óhætt að drekka þetta. Hermann áleit eftir á, að þetta mundi vera tréspiritus, og er það sennilegt. Daniel Loftsson og Ólafur Davíðsson umgengust talsvert, svo vitað er, þjóðhátíðardagana og voru saman við drykkju. Daniel hafði undir höndum þessa daga allmikið af metanol, sem hann sjálfur neytti, veitti öðrum og gaf. Er sennilegt, að það hafi verið frá Ólafi. Daniel lézt af völdum þess um hádegi 9. ágúst, eins og fyrr greinir. Daniel Loftsson veitti Þórarni Bernótussyni í Hvammi vín síðustu daga þjóðhátíðarinnar, og andaðist Þórarinn af völdum þess um hádegi þriðjudag 10. ágúst. Daniel veitti einnig Hauk Johnsen í Görðum vín á sunnudag og gaf honum að skilnaði slatta á flösku. Drakk Haukur úr flöskunni um kvöldið. Sama dag gaf Daniel Júlíusi Sölva Snorrasyni, Skólaveg 3, vín á bjórflösku. Júlíusi þótti vinið svo vont, að hann hafði ekki lyst á því, og gaf hann Hauk Johnsen flöskuna. Drakk Haukur það einnig um kvöldið. Bæði Júlíus og Haukur spurðu Daniel, hvor í sinu lagi, hvaða vín þetta væri, er hann var með, og vildi Daniel ekkert gefa út á það. Þó skildist Júlíusi á honum, að þetta væri landi. Haukur veiktist mánudag undir kvöldið, og á þriðjudag fór hann að verða slæmur í augum, og er á daginn leið dapraðist sjónin, svo að hann sá lítið sem ekkert, er hann leit út. Þá var hann fluttur á sjúkrahús. Þar lá hann í viku og var þá orðinn nokkurn veginn jafngóður.

Ekki er kunnugt um, hvaðan Guðmundur Guðmundsson á Eyri fékk það metanol, er varð honum að bana. Bæði Hjörtur og Guðni fullyrtu, að þeir hefðu ekki látið hann fá vín. Guðmundur var við vín á laugardag (7. ágúst) og drakk þá vín úr áfengisverzluninni. Gústaf Adolf Runólfsson, Birtingaholti, hitti hann um kvöldið og var Guðmundur þá drukkinn, en vinlaus. Kvöldið eftir, á sunnudag, hitti Gústaf Adolf hann aftur, og var Guðmundur þá með 3ja pela flösku, sem hátt var í. Guðmundur bauð honum snaps, og þáði Gústaf það. Drukku þeir saman um tíma, og hélt Gústaf, að hann hefði sjálfur drukkið upp undir pela. Gústaf þótti vinið vont, og hélt að það væri landi, en ekki spurði hann Guðmund að því, hvaða vín þetta væri, og Guðmundur minntist ekkert á það heldur. Er þetta var, átti Gústaf til heima vín úr áfengisverzluninni, og bauð Guðmundi að láta hann fá það, en Guðmundur kvaðst ekki

þurfa þess, því hann gæti fengið nóg vin. Gústaf Adolf varð veikur, en ekki alvarlega, af þessu vini, er hann þáði hjá Guðmundi, og fékk væg einkenni metanoleitrunar. Lagðist hann í rúmið samkvæmt læknisráði á miðvikudag og lá fram á sunnudag.

## VI.

Á mánudaginn 9. ágúst, er veikindin hófust, var gerð rannsókn í íbúð ákærðs Guðna Einarssonar til þess að ganga úr skugga um, hvort tréspiritus væri þar geymdur. Enginn tréspiritus fannst þar. Hins vegar fannst þar eimingarrör, sem sterk áfengislykt var af. Guðni gaf þá skýringu á þessu, að sumarið áður hafi honum verið gefin bruggunartæki og þar á meðal eimingarrörið af manni, sem var að flytja búferlum frá Vestmannaeyjum. Kvaðst ákærður hafa notað tækið um haustið litils háttar. Lagði hann þá í brugg og notaði haunir, sykur og vatn. Var það um 10 pottar. Rétt fyrir jólin kvaðst hann hafa eimt bruggið, og var hann að þessu í skúr niður við höfn. Þar hafði hann einnig geymt bruggið. Við eiminguna kveðst hann hafa fengið  $1\frac{1}{2}$  flösku úr brugginu. Drakk hann þetta sjálfur og lét ekkert af hendi til annarra. Hann kveðst hafa gert þetta af „fikti“ og aðeins til eigin neyzlu, en alls ekki í því skyni að nota það til sölu. Eftir þetta kveðst kærður ekki hafa notað tækin.

## VII.

Samkvæmt því, er að framan er tekið fram, virðist mega telja upplýst, að Þorlákur Sverrisson, Ingvi Sveinbjörnsson, Jón Gestsson og Árný Guðjónsdóttir hafi látizt af völdum metanolsins, er ákærður Guðni Hjörtur Guðnason lét þeim í té. Sömuleiðis er upplýst, að veikindi Andrésar Gestssonar stöfuðu af völdum metanols frá Hirti. Fyrir milligöngu ákærðs Guðna Einarssonar lézt Sveinjón Ingvarsson af metanol frá Hirti, og veikindi þeirra Jónasar Sigurðssonar, Antons Guðjónssonar, Guðmundar Pálssonar, Óskars Jónssonar og Jóns Inga Jónssonar stöfuðu einnig af metanol frá Hirti, er Guðni Einarsson hafði útvegað.

Meðferð þeirra beggja, Hjartar og Guðna, á metanolinu var allathugaverð. Báðir gerðu þeir raunar ráð fyrir, að þetta væri drykkjarhæfur vinandi, en hins vegar var þeim báðum ljóst, að alger óvissa var um þetta, og vel kynni svo að vera, að alvarleg hætta stafaði af neyzlu vökvans. Eins og fyrr segir, kveðst Hjörtur hafa gefið Þorláki Sverrissyni, Ingva Sveinbjörnssyni og Jóni Gestssyni þær upplýsingar um vökvann, er hann sjálfur vissi. Hins vegar gaf hann Andrési Gestssyni engar upplýsingar og enn öðrum, er hann veitti, gaf hann alrangar upplýsingar eða villandi (Ólafi Sigurðssyni, Oddi Sigurðssyni). Ákærður Guðni Einarsson

gaf sumum, er hann veitti eða útvegaði metanólið, réttar upplýsingar, eða þær, er hann bezt vissi, en sumum hins vegar engar. Þykir verða að lita svo á, að þeir hafi báðir sýnt vitavert gáleysi við afhendingu metanólsins og að þeir hafi þess vegna orðið valdir að dauða og veikindum ofangreindra manna. Hafa þeir með þessu brotið gegn 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærður Guðni Hjörtur svo og ákærður Halldór Elías Halldórsson með því að kasta eign sinni á metanólið í kyrrþey, eins og fyrr getur, án þess að tilkynna fundinn eða auglýsa eftir eiganda og án þess að framvísa honum fyrir tolleftirlitsmönnum gerzt brotlegir við 246. gr. almennra hegningarlaga og lög um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 31. desember 1937, 22. gr., en ákærður Guðni Einarsson hefur með þátttöku sinni í dreifingu metanólsins, sem hann vissi að flutt hafði verið í land í laumi og farið dult með, gerzt brotlegur við 254. gr. almennra hegningarlaga og lög um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 1937, 37. gr., 2. mgr. Þá hefur og ákærður Guðni Einarsson með þeim verknaði, sem lýst er undir VI. hér að framan, gerzt brotlegur við áfengislög nr. 33 frá 1935, 6. grein.

Brot ákærðs Guðna Hjartar Guðnasonar fyrir framangreind refsing hans þykja hæfilega ákveðin samkv. 215., 219., og 246. gr. almennra hegningarlaga og 36. grein laga nr. 63 frá 31. desember 1937, fimmtán mánaða fangelsi. Hann er og samkvæmt 68. grein almennra hegningarlaga sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Refsing Guðna Einarssonar þykir samkvæmt 215., 219. og 254. grein almennra hegningarlaga og 37. gr., 2. mgr., 1. nr. 63 frá 31. desember 1937 og 30. grein áfengislaga nr. 33 frá 9. janúar 1935 hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Halldórs Elíasar Halldórssonar þykir samkvæmt 246. grein almennra hegningarlaga og 36. grein laga nr. 63 frá 31. desember 1937 hæfilega ákveðin 800 króna sekt í ríkissjóð, er ákærðum ber að greiða innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar 40 daga varðhald, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma.

Hinir ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum, Friðþjófi G. Johnsen, héraðsdómslögmanni, kr. 750.00 í málsvarnarlaun að  $\frac{1}{8}$  hluta hver. Allan annan sakarkostnað greiði ákærður Guðni Hjörtur Guðnason að  $\frac{1}{6}$  hlutum, ákærður Guðni Einarsson að  $\frac{1}{8}$ , en ákærður Halldór Elías Halldórsson að  $\frac{1}{6}$  hlutum.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af miklum önnum hjá embættinu í sambandi við yfirstandandi vertíð o. fl.

## Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður Guðni Hjörtur Guðnason sæti 15 mánaða fangelsi. Hann er og sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærður Guðni Einarsson sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærður Halldór Elías Halldórsson greiði kr. 800.00 í sekt í rikissjóð innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar 40 daga varðhald, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma.

Hinir ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum, Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni, kr. 750.00 í málsvarnarlauð, að  $\frac{1}{3}$  hluta hver. Allan annan sakarkostnað greiði ákærður Guðni Hjörtur Guðnason að  $\frac{1}{9}$  hlutum, ákærður Guðni Einarsson að  $\frac{1}{3}$  og ákærður Halldór Elías Halldórsson að  $\frac{2}{9}$  hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1945.

Nr. 81/1944. **Réttvísing og valdstjórnin**

(cand. jur. Hermann Jónasson)

gegn

**Þorvaldi Jónassyni** (Garðar Þorsteinsson).

Skjalafals. Þjófnaðarákæra. Brot gegn húsaleigulögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málalokum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

## Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun